

SMG SERVICES

ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR

Gildistökudagur: Mars 2018

Þessir þjónustuskilmálar ásamt persónuverndarstefnu SMG („skilmálar“) lýsa þeim skilmálum sem Service Management Group, LLC og hlutdeildarfélag þess („SMG“ eða „við“ eða „okkur“) bjóða þér aðgang að vefsíðum, þjónustu og forritum, þar á meðal farsímaforritum, sem þessir skilmálar eru á eða tengdir eru eða vísað er til (sameiginlega, „SMG Services“).

Áður en þú opnar og notar SMG Services skaltu lesa þessa skilmála gaumgæfilega. Þeir eru lagalegur samningur á milli SMG og þín.

MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA SMG SERVICES SAMÞYKKIR ÞÚ ÞESSA SKILMÁLA OG STAÐFESTIR AÐ ÞÚ SÉRT FÆR OG LAGALEGUR HÆFUR TIL AÐ GERA SLÍKT. EF ÞÚ NOTAR SMG SERVICES FYRIR HÖND VINNUVEITANDA ÞÍNS TELST SAMÞYKKT ÞÍN Á ÞESSUM SKILMÁLUM VERA SAMNINGUR Á MILLI VINNUVEITANDA ÞÍNS OG SMG OG ÞÚ LÝSIR ÞVÍ YFIR OG ÁBYRGIST AÐ ÞÚ SÉRT MEÐ UMBOÐ TIL AÐ BINDA VINNUVEITANDA ÞINN ÞESSUM SKILMÁLUM.

MIKILVÆG ATHUGASEMD: Þessir skilmálar innihalda ákvæði sem takmarka ábyrgð okkar í þinn garð og gera kröfu um að þú leysir úr ágreining við okkur fyrir endanlegum og bindandi gerðardómi á einstaklingsgrunni og ekki hluti af hóplögsókn eða fulltrúalögsókn. Sjá „GILDI SAMNINGS, TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ“ (kafli 7) og „LAUSN DEILUMÁLA“ (kafli 9) hér að neðan til að fá frekari upplýsingar.

EF ÞÚ SAMÞYKKIR EKKI ALLA SKILMÁLANNA SEM FINNA MÁ Í ÞESSUM ÞJÓNUSTUSKILMÁLUM OG PERSÓNUVERNDARSTEFNU SMG ER ÞÉR ÓHEIMILT AÐ NOTA SMG SERVICES.

1. BREYTINGAR Á SKILMÁLUM

Gildistökudag þessa skilmála má finna efst á þessari vefsíðu. Við kunnum að breyta þessum skilmálum þegar við bætum við nýjum eiginleikum. SMG getur breytt þessum skilmálum hvenær sem er með því að uppfæra skilmálana. Þú ert bundinn slíkum breytingum og því ættirðu að fara öðru hverju inn á þessu síða og kynna þér þessa skilmála. Áframhaldandi notkun þín á SMG Services eftir að breyttir skilmálar eru birtir jafngildir samþykkt þinni á breyttum skilmálum. Breyttu skilmálarnir leysa af hólmi allar fyrri útgáfur af samningum, tilkynningum eða yfirlýsingum varðandi skilmálana en breytingarnar eru ekki afturvirkar.

2. VIÐBÓTARSKILMÁLAR

Ákveðin þjónusta í boði af eða í gegnum SMG Services, til dæmis farsímaforrit, happadrætti, býður upp á innihald eða aðra þjónustu, kann að lúta viðbótarskilmálum sem kynntir eru samhliða þeim („viðbótarskilmálar“). Þú verður að samþykka viðbótarskilmálana áður en þú

notar slíka þjónustu. Viðbótarskilmálum skal beita til viðbótar við þessa skilmála. Ef einhver ákvæði viðbótarskilmálana stangast á við ákvæði þessara skilmála eru viðbótarskilmálarnir yfirsterkari ákvæðum í ósamræmi í þessum skilmálum aðeins að því marki þar sem ósamræmi gætir.

3. PERSÓNUVERND/ÖRYGGI

Fyrir notkun SMG Services skaltu lesa vandlega persónuverndarstefnu SMG til að fá nánari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem SMG safnar í gegnum SMG Services, hvernig við vinnum úr þeim og með hverjum við kunnum að deila þeim. Finna má afrit af persónuverndarstefnu SMG á:

4. EFNI SMG

SMG Services, þar á meðal allar upplýsingar, myndefni, myndir, listaverk, texti, myndskleið, gagnasamsetningar, hugbúnaður, hljóðskrár, vörumerki, þjónustumerki, annálaskrá, viðskiptaheiti og annað efni sem veitt er á, í eða í gegnum SMG Services (sameiginlega, „**efni SMG**“) er í eigu SMG, hlutdeildarfélaganna okkar, samstarfsaðila, leyfishafa eða fyrirtækja sem koma fram fyrir hönd okkar og njóta verndar höfundarréttar, vörumerkjaréttar, einkaleyfis og annarra laga í Bandaríkjunum og alþjóðlega. Að undanskildu því sem lýst er í takmarkaða leyfiskaflanum hér að neðan eða eins og nauðsyn krefur samkvæmt gildandi lögum, má ekki nota höfundarrétt, vörumerki eða annan hugverkarétt né neinn hluta SMG Services, endurskapa, afrita, selja, endurselja, opna, breyta eða á annan máta nota, að öllu leyti eða hluta, í neinu skyni án skriflegs leyfis fyrirfram. Óheimiluð notkun á efni SMG kann að brjóta gegn höfundarrétti, vörumerkjarétti og öðrum lögum.

Ef þú samþykkir þessa skilmála (sem og aðra viðbótarskilmála er tengjast ákveðnu efni SMG) veitir SMG þér persónulegt, afturkallanlegt, óskipt, óframseljanlegt og takmarkað leyfi (án réttar til undirleyfis) til að opna og nota SMG Services og hala niður, prenta og/eða afrita efni SMG aðeins í persónulegu skyni og háð þessum skilmálum. Þú staðfestir að viðskiptaleyndarmál og hugverkaréttur SMG Services hefur ekki verið og mun ekki vera veittur með leyfi eða á annan máta birtur þér. Þú staðfestir að HTML-kóðinn sem SMG býr til í því skyni að mynda síður þjónustunnar nýtur höfundarréttar SMG. Allur réttur sem ekki er skýrt veittur hér er áskilinn SMG.

Þú samþykkir að ef SMG veitir þér ekki skriflega heimild fyrirfram til að gera slíkt munir þú ekki:

- sameina efni SMG í annað verk (til dæmis þína eigin vefsíðu) eða nota efni SMG á opinberan hátt eða í viðskiptaskyni
- breyta tilkynningu um höfundarrétt, vörumerkjarétt eða annan hugverkarétt sem kann að vera hluti af efni SMG eða
- „djúptengja“ (e. deep link) neina SMG Services (þ.e. setja inn tengil við aðra síðu aðra en heimasíðu einnar af SMG Services).

Vörumerki, kennimerki og þjónustumerki („merkin“) sem birt eru á eða í gegnum SMG Services eru í eigu SMG eða þriðja aðila. Þér er óheimilt að nota merkin án fyrirfram skriflegs leyfis SMG eða slíkum þriðja aðila. Ef þú vilt fá upplýsingar um hvernig leyfi SMG fæst til notkunar á efni SMG skaltu senda tölvupóst á privacyofficer@smg.com.

5. NOTKUN Á SMG SERVICES

5.1. Hæfi: SMG Services er ekki ætluð til notkunar af börnum sem eru undir lögaldri í búsetulandi sínu til að veita samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum. Ef þú ert undir samþykkisaldri í landinu þínu máttu ekki nota þjónustu SMG.

5.2. Reikningur þinn: Þú gætir þurft að búa til reikning („**reikningur**“) til að nota ákveðna eiginleika SMG Services. Þú samþykkir að veita, viðhalda og uppfæra nákvæmar, núverandi og heildstæðar upplýsingar um þig sjálfa/n. Þú samþykkir að villa ekki á þér heimildir eða fela tengsl þín við annan aðila, þar á meðal að nota notandanafn annars aðila, lykilorð, eða reikningsupplýsingar, eða nafn annars aðila, líkindi, rödd, mynd eða ljósmynd. Þú samþykkir einnig að láta okkur tafarlaust vita á privacyofficer@smg.com um óheimilaða notkun á notandanafni þínu, lykilorði, öðrum reikningsupplýsingum eða öryggisbroti sem þú gætir orðið áskynja um í tengslum við SMG Services.

Með því að stofna reikning samþykkir þú að SMG kann að hafa samband við þig á netfangið sem þú veitir þegar þú virkjar reikninginn þinn.

Ekki leyfa öðrum að nota reikninginn þinn. Þú berð ábyrgð á allri notkun á reikningi þínum, þar á meðal notkun annarra sem þú hefur veitt aðgang að reikningi þínum.

5.3. Skyldur þínar:

Samþykki þitt að nota SMG Services aðeins í lögmæti skyni. Þú samþykkir að nota SMG Services aðeins í lögmætu skyni. Þú munt ekki nota SMG Services á máta sem gæti skaðað, afvirkjað, sett yfirálag á eða skert þjóna eða net SMG eða truflað notkun eða ánægju annars notanda á SMG Services.

Samþykki þitt um að nota SMG Services ekki í ólögmætu eða óheimiluðu skyni. Þú samþykkir einnig að þú munt ekki reyna að ná óheimiluðum aðgangi að SMG Services, öðrum reikningum notenda eða tölvukerfum og netum SMG með tölvuárásam, lykilorðavinnslu eða öðrum hætti. Án þess að takmarka hið framangreinda samþykkir þú að þú munt ekki (og munt ekki hvetja eða heimila þriðja aðila að):

- a. afrita, breyta, aðlaga, þýða, bakþýða, afkóða eða á annan máta að reyna að fá aðgang að hluta SMG Services eða efni SMG
- b. fjarlægja tilkynningar um höfundarrétt, vörumerkjarétt eða annan einkarétt sem finna má í SMG Services eða efni SMG
- c. sniðganga, afvirkja, eða eiga á annan máta við öryggis- eða svikavarnir sem tengjast eiginleikum þjónustu okkar eða eiginleikum sem hindra að takmarka notkun af afritun á efni SMG eða setja takmarkanir á notkun þjónustu okkar eða efni SMG
- d. misnota þjónustuna vísitandi með því að koma fyrir vírusum, trújuhestum, ornum, röksprenjum, njósnaforritum, spilliforritum eða öðru fjandsamlegu eða tæknilega skaðlegu efni
- e. nota þjarka, köngulær, leitar-/endurheimtarforrit fyrir síðu eða annan sjálfvirkan búnað, ferli eða leið til að fá aðgang að, sækja eða gera skrá af hluta SMG Services
- f. leigja, lána, selja, veita undirleyfi, úthluta, dreifa, birta, flytja eða á annan máta gera SMG Services tiltækt, eða eiginleika eða virkni SMG Services, fyrir þriðja aðila af hvaða ástæðu sem er, þar á meðal með því að gera SMG Services tiltækt á neti þar sem aðgangur getur fengist af fleiri en einu tæki hvenær sem er
- g. endursníða eða ramma hluta vefsíðna sem eru hluti af SMG Services
- h. stofna fleiri en einn reikning með sjálfvirkum hætti eða í fölsku eða sviksamlegu skyni eða

- i. safna eða geyma persónuupplýsingar um annan notanda án fyrirfram skriflegs samþykkis viðkomandi.

Afleiðingar af óheimilaðri notkun eða misnotkun SMG Services. Þú samþykkir að réttur þinn til að nota SMG Services verður afturkallaður um leið og þú brýtur gegn einhverjum þessara reglna og að SMG getur að eigin vild ákveðið að afturkalla aðgang þinn að SMG Services án nokkurs fyrirvara ef þú brýtur gegn kröfum eða bönnum sem lýst er í þessum skilmálum eða í viðeigandi viðbótarskilmálum. Einnig samþykkir þú að skila eða farga afritum af efni af svæðinu sem þú hefur búið til ef við förum fram á slíkt.

Óheimiluð notkun og misnotkun SMG Services er stranglega bönnuð. Þú gætir þurft að sæta einkakröfu vegna tjóns og/eða lögsóknar en slíkt ræðst af kringumstæðunum. SMG áskilur sér rétt til að tilkynna brot á þessum skilmálum eða óheimilaða notkun eða misnotkun SMG til löggæsluyfirvalda. Ef um óheimilaða notkun eða misnotkun SMG Services er að ræða er réttur þinn til að nota SMG Services afturkallaður tafarlaust og SMG mun afturkalla aðgang þinn að SMG Services án fyrirvara.

Skyldur þínar varðandi gjöld og annan kostnað sem tengist notkun á SMG Services (þar á meðal gjöld vegna textaskilaboða). Þú berð ein/n ábyrgð á öllum gjöldum og öðrum kostnaði sem tengist notkun á SMG Services. Ef þú opnar eða notar SMG Services í snjallsíma, spjaldtölvu eða öðru fartæki verður þú að vera með þráðlausa þjónustu í gegnum þráðlaust net eða farsímafyrirtæki. Ákveðin þjónusta gæti gert kröfu um færni fyrir textaskilaboð (SMS eða MMS). Þú samþykkir að þú berð ein/n ábyrgð á öllum textaskilaboða- og gagnagjöldum sem þú stofnar til hjá farsímafyrirtæki þínu. Við leggjum ekki á aðskilið gjald vegna textaskilaboðþjónustu sem við kunnum að bjóða upp á en þú gætir þurft að greiða textaskilaboða- og gagnagjöld. Öll gjöld eru skuldfærð og greiðast farsímafyrirtæki þínu. Hafðu samband við farsímafyrirtæki þitt til að fá upplýsingar um verð. SMG ber enga ábyrgð á tölum við afhendingu textaskilaboða eða misbresti á afhendingu þeirra því afhending er háð skilvirkum flutningi frá farsímafyrirtæki þínu. Textaskilaboð kunna ekki að vera tiltæk á öllum svæðum á öllum tímum.

Afleiðingar af samþykkt þinni vegna skráningar þinnar á móttöku textaskilaboða. Þegar þú skráir þig fyrir móttöku textaskilaboða frá okkur ræðst tíðni þeirra af viðskiptum þínum við okkur. **Með því að samþykkja móttöku textaskilaboða gerir þú þér grein fyrir og samþykkir að SMG kann að nota sjálfvirk hringikerfi til að senda þér textaskilaboð og þú gerir þér einnig grein fyrir að samþykki þitt fyrir móttöku textaskilaboða er ekki nauðsynlegt svo þér sé heimilt að kaupa vörur eða þjónustu.**

- 5.4. **Innsendingar.** SMG kann öðru hverju að bjóða þér og öðrum notendum tækifæri til að birta með frjálsum vilja eða á annan máta senda einkunnagjöf, tillögur, athugasemdir með myndskreiði, hugmyndir, athugasemdir eða aðrar upplýsingar eða efni til eða í gegnum SMG Services (sameiginlega, „**innsendingar**“).

Þú berð og munt bera ein/n ábyrgð á innsendingum þínum og afleiðingum á að senda eða birta slíkar innsendingar. Þú berð ein/n ábyrgð á tjóni sem stafar af broti á höfundar-, eignarrétti eða öðru tjóni sem innsendingar þínar orsaka. Þegar innsendingar eru sendar eða birtar ættir þú að takmarka, að því marki sem hægt er, magn persónuupplýsinga sem þú veitir því innsendingar geta verið tengdar þér, allt eftir upplýsingum sem þú veitir.

Með því að senda, birta eða flytja innsendingar til SMG (og/eða fulltrúa okkar) eða hvaða svæðis SMG Services sem er, veitir þú sjálfkrafa leyfi eða ábyrgist að þú eða eigandi efnis sem þú sendir hafi veitt, SMG og fulltrúum okkar á alþjóðavísu, undirleyfishæfan (í gegnum

mörg svið), flytjanlegan, þóknunarlausan, varanlegan, óafturkallanlegan rétt til notkunar, endursköpunar, undirleyfis (í gegnum mörg svið), dreifa, búa til afleidd verk af, framkvæmdar og innflutning á innsendingum þínum (að öllu leyti eða hluta) á miðil sem er nú þekktur eða þróaður síðar, í hvaða skyni sem er, atvinnuskyni eða öðru skyni, án skaðabóta fyrir þig. Með öðrum orðum hefur SMG sjálfvirkan rétt til að nota innsendingar þínar, þar á meðal endurskapa, birta eða senda út innsendingar þínar, hvar sem er, á hvaða miðli sem er og í hvaða skyni sem er án þess að greiða gjald eða skulda þér nokkuð. Þú veitir einnig öðrum notendum heimild til að opna, vista eða endurskapa innsendingu þína í persónulegu skyni þess notanda. Þú veitir hér með SMG (og/eða fulltrúa/fulltrúum okkar) rétt til að nota innsendingar þínar hvaða skyni og hvar sem er. Undir engum kringumstæðum áttu rétt á greiðslu ef SMG (og/eða fulltrúi eða fulltrúar þess) nota eina af innsendingum þínum. Allar innsendingar njóta ekki trúnaðar né eignarréttis.

Innsendingar sem þú birtir kunna að vera gerðar opinberar. Þú staðfestir að þú berð engar væntingar í garð persónuverndar hvað varðar innsendingar þínar. Þú staðfestir einnig að þú leggir innsendingar þínar fram af frjálsum vilja og að eigin áhættu. Þú ættir að beita góðri dómgreind við birtingu á upplýsingum eða öðru efni varðandi SMG, viðskiptavinum SMG eða annan aðila eða einstakling. Þú gætir verið lagalega ábyrg/ur vegna tjóns sem aðrir notendur verða fyrir, SMG eða þriðji aðili vegna ærumeiðandi eða saknæmra innsendinga frá þér. Þegar innsending er birt getur þú valið að tengja innsendinguna við notandanafn þitt eða dulefni nema gildandi lög í búsetulandi þínu gera kröfu um annað.

SMG ber enga lagalega ábyrgð á innsendingum notenda ef slíkar innsendingar eru ærumeiðandi eða saknæmar. SMG ber ekki ábyrgð á né styður það, skoðanir, ráðleggingar eða tillögur sem birtar eru eða sendar á annan hátt á eða í gegnum SMG Services. SMG vísar sérstaklega frá sér allri ábyrgð í tengslum við slíkar innsendingar. SMG staðfestir ekki eða sannprófar hæfni, bakgrunn eða færni notenda eða upplýsingar sem þeir birta á eða í gegnum SMG Services. Því hvetur SMG til notkunar á heilbrigðri skynsemi og góðri dómgreind við undirbúning á innsendingum þínum.

Með því að birta innsendingu samþykkir þú og ábyrgist að innsending þín:

- a. sé sönn og nákvæm
- b. eigi við tilgreint efni eða þema SMG Services
- c. brjóti ekki gegn eða misnoti höfundarrétt, vörumerkjarétt, einkaleyfi, viðskiptaleyndarmáli, persónuvernd, birtingu, eignarrétt, samningsrétt eða öðrum réttindum þriðja aðila
- d. inniheldur ekki upplýsingar sem auðkenna einstakling eða upplýsingar sem innihalda persónuupplýsingar nokkurs aðila nema þú búir yfir fyrirfram skriflegu leyfi slíks aðila;
- e. leggur ekki fram órókstuddar kröfur um þriðja aðila eða vörur viðkomandi eða þjónustu
- f. inniheldur ekki ærumeiðandi, meiðandi, falskar, misvísandi, dónalegar, klámfengnar, ofbeldisfullar, hleypidómafullar, djarfar, hatursfullar, meinyrtar, ógnandi, áreitandi, andfélagslegar, kynferðislegar eða kynþáttalegar móðgandi athugasemdir eða annað efni sem annaðhvort skaðar eða hægt er að gera ráð fyrir að skaði einstakling eða aðila
- g. er ekki ólöglegt og hvetur ekki til né mælir með ólöglegu athæfi eða umræðu um ólöglegt athæfi með það að markmiði að framkvæma slíkt
- h. er ekki atvinnu- eða fyrirtækjatengt og auglýsir ekki eða býður sölu á vöru eða þjónustu (hvort sem það er í hagnaðarskyni eður ei) eða falbýður annað (þar á meðal í gjöf eða með framlagi)

- i. inniheldur ekki vírus eða annað skaðlegt efni, eða á annan máta við, skerðir eða skaðar SMG Services eða tengt net, eða truflar aðila eða notkun og ánægju aðila af SMG Services and
- j. fylgir öllum gildandi lögum, reglugerðum, reglum, stefnum og samningsskilmálum er eiga við innsendingu þína sem og SMG Services sem þú birtir á eða í gegnum eða veitir á annan máta innsendingu þína, þar á meðal aldursmörk.

Þú staðfestir og samþykkir að SMG hefur rétt, en engar skyldur, til að breyta, fjarlægja eða jafna að birta eða heimila birtingu innsendinga. SMG ber enga ábyrgð á innsendingu sem birt er af þér eða þriðja aðila. SMG getur ekki og tryggir ekki að allir notendur uppfylli skilyrði þessara ákvæða og, eins og er á milli þín og SMG, berð þú hér með alla áhættu vegna skaða eða tjóns sem verður til vegna skorts á slíkri fylgni.

SMG mælir eindregið með því að þú lágmarkir birtingu persónuupplýsinga í innsendingum þínum því aðrir einstaklingar geta séð og notað persónuupplýsingarnar í þínum innsendingum. SMG ber ekki ábyrgð á upplýsingum sem þú ákveður að miðla í innsendingum.

6. SVÆÐI OG ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA

SMG Services kann að innihalda tengla á vefsíður og þjónustu þriðja aðila, þar á meðal samfélagsmiðla (sameiginlega, „tengd þjónusta“). Tengd þjónusta er ekki undir stjórn SMG og SMG ber ekki ábyrgð á tengdri þjónustu eða upplýsingum eða efni, eða neinu sniði flutnings móttæknum frá, hvaða tengdri þjónustu sem er. Meðtalning tengils felur ekki í sér stuðning SMG á tengdu þjónustunni eða tengsl við notendur tengdu þjónustuna. SMG rannsakar ekki, sannprófar eða fylgist með tengdri þjónustu. SMG veitir tengla við tengda þjónustu aðeins þér til hægðarauka. Þú færð aðgang að tengdri þjónustu að eigin áhættu.

7. GILDI SAMNINGS, FYRIRVARI Á ÁBYRGÐ EÐA TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ

SMG ábyrgist að SMG hefur með gildum hætti orðið hluti af þessum skilmálum og hefur löglegt vald til að gera slíkt. Þú ábyrgist að hafa með gildum hætti orðið hluti af þessum skilmálum og hafir löglegt vald til að gera slíkt.

AÐ UNDANSKILDU ÞVÍ SEM MEÐ BEINUM HÆTTI ER LÝST HÉR AÐ OFAN, SMG SERVICES ER VEITT „EINS OG HÚN KEMUR FYRIR“ OG „EINS OG HÚN ER TILTÆK“ ÁN NOKKURS KONAR ÁBYRGÐAR, BEINNAR EÐA ÓBEINNAR.

SMG ábyrgist ekkert hvað varðar nákvæmni, áreiðanleika, heilleika eða tímanleika efnis SMG eða útkomuna sem fæst með því að nota SMG Services og efni SMG. Notkun SMG Services og efnis er á þína eigin áhættu. Breytingar eru gerðar öðru hverju á SMG Services og efni SMG. Þessar breytingar geta átt sér stað hvenær sem er. Ákveðið efni innan SMG Services kann að vera veitt af þriðja aðila. SMG ber enga ábyrgð á slíku efni þriðja aðila.

SMG SERVICES OG EFNI SMG ER VEITT „EINS OG ÞAÐ KEMUR FYRIR“ OG ÁN NOKKURS KONAR ÁBYRGÐAR. AÐ ÞVÍ MARKI SEM LEYFILEGT ER SAMKVÆMT GILDANDI LÖGUM VÍSAR SMG EINKUM FRÁ SÉR ALLRI ÁBYRGÐ OG ÖLLUM SKILYRÐUM, ÞAR Á MEÐAL ÓBEINNI ÁBYRGÐ OG SKILYRÐUM UM SÖLUHÆFI, HÆFI Í ÁKVEÐNU SKYNI, EIGNARRÉTTI, BROTI GEGN EIGNARRÉTTI EÐA RÉTTI ÞRIÐJA AÐILA,

FRELSI VIÐ GALLA, ÓTAKMARKAÐA NOTKUN OG ALLA ÓBEINA ÁBYRGÐ VIÐ VIÐSKIPTI EÐA NOTKUN.

SMG ÁBYRGIST EKKI AÐ (A) SMG SERVICES MUNI UPPFYLLA KRÖFUR ÞÍNAR, (B) NOTKUN Á SMG SERVICES VERÐI EKKI FYRIR TRUFLUNUM EÐA LAUS VIÐ VÍRUS EÐA VILLU EÐA AÐ (C) VILLUR VERÐI LEIÐRÉTTAR. EF NOTKUN ÞÍN Á SMG SERVICES EÐA EFNI SMG ORSAKI ÞÖRF Á VIÐHALDI EÐA ENDURNÝJUN BÚNAÐAR, EÐA HAGNAÐAR-EÐA GAGNATAPI, BER SMG EKKI ÁBYRGÐ Á SLÍKUM KOSTNAÐI. ALLAR MUNNLEGAR EÐA SKRIFLEGAR ÁBENDINGAR VEITTAR AF SMG EÐA VIÐURKENNDUM FULLTRÚUM ÞESS SKAPA EKKI NÉ MUNU SKAPA ÁBYRGÐ. ÁKVEÐIN LÖGSAGNARDÆMI HEIMILA EKKI ÚTILOKUN ÓBEINNAR ÁBYRGÐAR SEM ÞÝÐIR AÐ SUMAR EÐA ALLAR ÚTILOKANIR HÉR AÐ OFAN KUNNA EKKI AÐ EIGA VIÐ UM ÞIG.

NOTKUN ÞÍN Á SMG SERVICES ER Á EIGIN ÁHÆTTU. Ef þú ert óánægð/ur með SMG Services, þar á meðal innihald SMG Services, getur þú aðeins hætt að nota SMG Services.

ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM ER SMG EÐA ÞRIÐJU AÐILAR SEM VÍSAÐ ER TIL Í SMG SERVICES ÁBYRGIR (A) FYRIR NOKKURS KONAR TJÓNI, ÞAR Á MEÐAL BEINU, ÓBEINU, SÉRSTÖKU, REFSITENGDU, TILFALLANDI EÐA AFLEIDDU EÐA ÖÐRUM TJÓNATEGUNDUM (ÞAR Á MEÐAL, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, KAUP Á VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU Í SKIPTUM, TAP Á NOTKUN, GÖGNUM EÐA HAGNAÐI EÐA REKSTRARTRUFLUNUM), HVER SEM ORSÖKIN ERU SAMKVÆMT KENNINGU UM SKAÐABÆTUR SEM Á SÉR STAÐ Í TENGLUM VIÐ ÞESSA SKILMÁLA EÐA NOTKUN EÐA EKKI NOTKUN Á SMG SERVICES OG INNIHALDI HENNA, HVORT SEM SLÍKT BYGGIST Á ÁBYRGÐ, SAMNINGI, STRANGRI SKAÐABÓTAÁBYRGÐ, SKAÐABÓTASKYLDU BROTI (ÞAR Á MEÐAL VANRÆKSLU OG ÖÐRU), EÐA ANNARRI LAGALEGRI KENNINGU JAFNVEL ÞÓ SMG HAFI FENGIÐ RÁÐLEGGINGAR UM MÖGULEIKANN Á SLÍKU TJÓNI EÐA (B) VEGNA ANNARRA KRÖFU EÐA TJÓNA SEM ORSAKAST AF EÐA Í TENGLUM VIÐ NOTKUN ÞÍNA Á SMG SERVICES. ÞESSI ÁBYRGÐARFYRIRVARI Á EKKI VIÐ SKAÐABÆTUR SEM ORSAKAST AF ALVARLEGRI VANRÆKSLU EÐA VÍSVITANDI MISFERLI OG MUN EKKI EIGA VIÐ UM BANN SAMKVÆMT GILDANDI LÖGUM. EF VEGNA EINHVERRAR ÁSTÆÐU FYRIRVARAR Á ÁBYRGÐ EÐA TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ SEM LÝST ER Í ÞESSUM 7. KAFLA ERU ÓNOTHÆFIR EÐA ÓFRAMFYLGJANLEGIR SKAL HÁMARKS ÁBYRG SMG VEGNA TJÓNS SEM HÉR ER NEFNT TAKMARKAST VIÐ \$1.000.

Þú staðfestir og samþykkir að framangreindar takmarkanir á ábyrgð, ásamt öðrum ákvæðum í þessum skilmálum sem takmarka ábyrgð, eru nauðsynlegir skilmálar og að SMG er ekki reiðubúið að veita þér rétt sem lýst er í þessum skilmálum nema vegna samþykkis á ofangreindum takmörkunum á ábyrgð.

EF ÞÚ BÝRÐ Í KALIFORNÍU AFSALARÐU ÞÉR RÉTTINDUM HVAÐ VARÐAR CIVIL CODE KALIFORNÍU, HLUTA 1542, ÞAR SEM SEGIR „ALMENN LAUSN NÆR EKKI YFIR KRÖFUR SEM KRÖFUHAFINN ÞEKKIR EKKI EÐA GRUNAR AÐ SÉU TIL HONUM Í HAG ÞEGAR LAUSNIN ER FRAMKVÆMD, SEM, EF VIÐKOMANDI ÞEKKIR VERÐUR AÐ HAFI HAFT EFNISLEG ÁHRIF Á SAMNING HANS VIÐ SKULDARANN.“

8. SKAÐLEYSI

Þú samþykkir, á eigin kostnað, að verja og halda skaðleysi SMG og viðskiptavini þess, stjórnendur, fulltrúa og starfsmenn gegn öllu tapi, skaðabótum, heimtingum, aðgerðum eða kröfum, þar á meðal án takmarkana, peningatjóns, kostnaðar, varnarkostnaðar, þar á meðal

sanngjarnra gjalda lögfræðings og endurskoðanda, sem SMG sætir af þriðja aðila vegna (a) þinna innsendinga, (b) þinnar notkunar á SMG Services eða (c) brots þíns gegn þessum skilmálum, rétti þriðja aðila eða gildandi lögum. Þetta ákvæði um skaðleysi á ekki við að því marki sem bannað er samkvæmt gildandi lögum. SMG áskilur sér rétt, á eigin kostnað, að verða sér út um vörn og hafa stjórn á málum er háð eru skaðleysi hér að neðan. Enga sáttargerð sem hefur áhrif á rétt eða skyldur SMG má gera án fyrirfram skriflegs samþykkis SMG.

9. LAUSN DEILUMÁLA

Að undanskildum deilumálum sem tengjast hugverkarétti eða -skyldum, eða kröfum um brot sem lúta bandarískum alríkislögum, skulu deilumál á milli þín og SMG sem verða til vegna eða í tengslum við þessa skilmála, lúta, túlkaðir og framfylgt í samræmi við lög Missouri-ríkis (Bandaríkin) án tillits til upprunaland þíns eða hvar þú færð aðgang að þjónustunni og þrátt fyrir lagalegan ágreining. Öll deilumál skal túlka í samræmi við lög Missouri sem eiga við um samninga sem gerðir eru og framkvæmdir í Missouri-ríki. Þú og SMG samþykkið að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vöru milli ríkja eigi ekki við um túlkun eða samsetningu þessara skilmála.

ÞÚ OG SMG SAMÞYKKIÐ AÐ HVER AÐILI MÁ LEGGJA FRAM KRÖFU GEGN HVOR ÖÐRUM AÐEINS Í EINSTAKLINGSSKYNI OG EKKI SEM MÁLSHÖFÐANDI EÐA CIASS-MEÐLIMUR Í NEINNI LÖGSÓKN EÐA MÁLAFERLUM.

ÞÚ OG SMG SAMÞYKKIÐ AÐ ALLAR KRÖFUR VERÐA LEYSTAR MEÐ BINDANDI GERÐARDÓMI Á ÞANN HÁTT SEM TILGREINDUR ER Í ÞESSUM 9. KAFLA OG AÐ ÞÚ OG SMG AFSALIÐ YKKUR RÉTTINDUM TIL AÐ FÆRA SLÍKAR KRÖFUR FYRIR DÓMSTÓLA. RÉTTINDI SEM ÞIÐ HEFÐUÐ EF ÞIÐ FÆRUÐ FYRIR DÓMSTÓLA, TIL DÆMIS AÐGANG AÐ FRAMLAGNINGU FYRIR DÓMI, KUNNA EKKI AÐ VERA TILTÆK EÐA TAKMÖRKUÐ FYRIR GERÐARDÓMI.

Öll deilumál á milli þín og SMG og fulltrúa þess, starfsmanna, stjórnenda, yfirmanna, arftaka, hlutdeildarféлага eða samstarfsaðila sem verða til vegna eða í tengslum við þessa skilmála og túlkun þeirra eða brots, uppsagnar eða gildis, sambands sem verður til vegna þessara skilmála, þar á meðal deilumál um gildi, umfang eða fullnustuhæfi þessara skilmála fyrir gerðardómi (sameiginlega, „**tryggð deilumál**“) verður háð bindandi gerðardómi í Missouri-ríki stýrt af Gerðardómsstofnun Ameríku (American Arbitration Association) (AAA) í samræmi við reglur hennar (þar á meðal reglur hennar og verklag fyrir neytendatengd deilumál) sem í gildi eru frá og með dagsetningunni. Áður en gerðardómur er hafinn skal upphafsaðillinn veita hinum aðilanum að minnsta kosti 60 daga skriflega tilkynningu á ætlun sinni að gera kröfu um gerðardóm. SMG mun veita slíka tilkynningu með tölvupósti á netfangið sem þú gefur upp þegar þú stofnaðir reikninginn þinn eða með tölvupósti á netfangið sem þú hefur á annan máta veitt SMG; þú verður að veita SMG slíka tilkynningu með tölvupósti á privacyofficer@smg.com.

Greiðsla á skjalavistun, umsjón og gjöldum gerðardóms lítur reglum AAA. Ef þú getur hins vegar ekki sýnt fram á kostnaður gerðardóms verði hindrandi fyrir þig samanborið við kostnað málshöfðunar mun SMG greiða eins mikið fyrir skjalavistun, umsjón og gjöld gerðardóms og gerðarmaður telur nauðsynlegt til að hindra að gerðardómur verður kostnaðarhindrandi fyrir þig. Ef gerðarmaður álitur að krafa eða kröfur sem þú leggur fram fyrir gerðardómi séu alvörulausar, samþykkir þú að endurgreiða SMG öll gjöld sem tengjast gerðardómi sem SMG greiddi fyrir þína hönd sem þér hefði annars borið skylda til að greiða samkvæmt reglum AAA.

Einn gerðarmaður verður valinn í samræmi við AAA Commercial Arbitration reglur. Gerðardómur fer fram á enskri tungu. Gerðarmaður hefur vald til að veita alla þá ívilnun sem í boði er hjá dómstólum og allar gerðir gerðarmanns eru endanlegar og bindandi fyrir sérhvernum aðila og má færa sem úrskurð fyrir valdbærum dómstóli. Gerðarmaðurinn mun hins vegar ekki hafa vald til að veita refsibætur en sérhver aðili afsalar sér hér með slíkum rétti. Gerðarmaður mun beita gildandi lögum og ákvæðum þessara skilmála. Misbrestur á slíku mun teljast of mikið gerðardómsvald og réttlætir réttarfarslega skoðun. Ávörðun gerðarmanns skal fylgja skrifleg útskýring og skal trúnaður ríkja um hana. SMG og þú samþykkið að tryggð deilumál verða send til gerðardóms aðeins í einstaklingsskyni. **HVORKI SMG NÉ ÞÚ Á RÉTT Á AÐ ÚTKLJÁ MEÐ GERÐARDÓMI TRYGGÐ DEILUMÁL SEM HÓPLÖGSKÓKN OG GERÐARMAÐURINN MUN EKKI HAFVA VALD TIL AÐ FRAMKVÆMA SLÍKT Á SLÍKUM GRUNNI.** Ef einhver ákvæði samnings um að útkljá með gerðardómi í þessum 9. kafla reynast óframfylgjanleg mun áframfylgjanlega ákvæðið vera rift og eftirstandandi gerðardómsskilmálar verða framfylgdur (en aldrei verður um hóplögsókn að ræða). Án tillits til laga eða andstæðra laga þarf tilkynning á kröfu sem kemur vegna eða í tengslum við þessa skilmála að koma fram innan eins (1) árs eftir að slík krafa var sett fram eða vera útilokað varanlega. Hvað þennan 9. kafla varðar lúta þessir skilmálar og tengdar færslur Federal Arbitration Act, 9 U.S.C. sec. 1-16 (FAA).

Athugaðu: Með því að samþykkja þessa skilmála samþykkir þú að allar kröfur eða aðgerðir sem þú gætir annars haft gegn SMG samkvæmt lögum lögsagnarumdæma utan Bandaríkjanna eru hér með afsalaðar, þar á meðal án takmarkanna, allar kröfur eða aðgerðir samkvæmt lögum þíns lands, og að þín eina staðsetning og gildandi lög fyrir deilumál er í Bandaríkjunum samkvæmt skilmálunum í þessum 9. kafla.

10. UMBUN

Öðru hverju kann SMG að gefa þér tækifæri á að fá umbun, til dæmis vildarpunkta, afslátt eða sértíloboð (sameiginlega, „umbun“). Við látum þig vita þegar umbun er fánleg þér í gegnum SMG Services. Ávinningur umbunar kann að vera mismunandi sem og gildistímabilið. Þú skalt því skoða vel upplýsingar hverrar umbunar þegar þú móttekur hana. Eftir óvirkni í níutíu (90) daga í SurveyMini renna vildarpunktarnir þínir út. Umbun þín er aðeins til persónulegra nota. Þú mátt ekki flytja, úthluta, selja, eiga viðskipti með eða stunda vöruskipti með umbun þína. Umbun er ekki innleysanleg fyrir reiðufé, nema krafa er gerð um slíkt í lögum, og má ekki sameina hana annarri kynningu SMG eða viðskiptavinar, tilboði eða afslætti. Engin inneign eða endurgreiðsla er útgefin sama hver ástæðan er eftir að þú leysir út umbun þína. SMG áskilur sér rétt til að breyta, segja upp eða stöðva tiltækileika umbunar. Þú samþykkir að lúta ákvörðunum SMG sem eru endanlegar og bindandi hvað alla þætti varðar er tengjast umbun.

11. UPPFÆRSLUR Í FARSÍMAFORRIT

Við kunnum öðru hverju (að eigin vild) að þróa og bjóða upp á uppfærslur fyrir farsímaforrit okkar sem getur falið í sér uppfærslur, leiðréttingar á göllum, bætur og aðrar leiðréttingar á villum og/eða nýjum eiginleikum (sameiginlega, „uppfærslur“). Uppfærslur má einnig breyta eða eyða að öllu leyti fyrir ákveðna eiginleika og virkni. Þú samþykkir að SMG ber engin skylda að bjóða upp á uppfærslur eða halda áfram að bjóða upp á eða virkja ákveðna eiginleika eða virkni.

Byggt á stillingum fartækis þíns þegar fartækið þitt er nettengt: (a) Uppfærslur verður sjálfkrafa halað niður og settar upp eða (b) þú gætir fengið tilkynningu eða kvaðningu um að hala niður og setja upp tiltækar uppfærslur.

Halaðu tafarlaust niður og settu upp allar uppfærslur. Ef þú gerir það ekki kann hluti af SMG Services ekki að virka rétt. Þú samþykkir einnig að allar uppfærslur verða hluti af SMG Services og lúta skilmálum þessum.

12. RAFRÆN SAMNINGAGERÐ

Þín staðfesta notkun og/eða skráning í SMG Services jafngildir samþykki þínu til að gera rafrænan samning við okkur.

13. LANDFRÆÐILEGAR TAKMARKANIR/ÚTFLUTNINGSEFTIRLIT

SMG Services og efni SMG er staðsett í Missouri-ríki í Bandaríkjunum og þó að aðgangur og notkun fáist fyrir aðila sem eru fyrir utan Bandaríkin staðfestir þú að í lagalegu og rekstrarlegu skyni gæti verið að þú getir ekki fengið aðgang að SMG Services eða efni SMG í lögsagnarumdæmi þínu. Ef þú færð aðgang að SMG Services eða efni SMG fyrir utan Bandaríkin berðu ábyrgð á fylgni við landslög, þar á meðal landslög varðandi innflutning, útflutning eða endurútflutning á efni SMG.

SMG kann að lúta lögum um útflutningseftirlit í ákveðnum löndum, þar á meðal US Export Administration Act og tengdum reglugerðum þess. Þú samþykkir að þú munt fylgja slíkum lögum og reglum og að þú munir ekki, beint né óbeint, flytja út, flytja aftur út eða senda SMG Services til, eða gera SMG Services aðgengilegt frá, hvaða lögsagnarumdæmi eða landi sem er, þangað sem þú flytur út, flytur aftur út eða sendir þar sem slíkt er bannað samkvæmt lögum, reglum eða reglugerðum. Þú samþykkir einnig að þú munir fylgja öllum gildandi alríkislögum, reglugerðum og reglum og ljúki við allar nauðsynlegar kröfur (þar á meðal að verða þér úti um nauðsynlegt útflutningsleyfi eða annað samþykki frá yfirvöldum) fyrir útflutning, endurútflutning, losun eða gera SMG Services tiltækt á annan hátt fyrir utan Bandaríkin. Með því að hala niður efni SMG samþykkir þú að ert ekki í landi þar sem slíkur útflutningur er bannaður og að þú sért ekki á lista viðskiptaráðneytis Bandaríkjanna yfir aðila sem hafa fengið synjun á pöntunum né á lista fjármálaráðneytis Bandaríkjanna yfir sérstaklega tilnefndar þjóðir.

14. RÉTTUR BANDARÍSKRA YFIRVALDA

SMG Services er viðskiptahugbúnaður eins og skilgreint er í 48 C.F.R. §2.101. Ef þú tilheyrir ríkisstofnun í Bandaríkjunum eða ert verktaki hennar færðu aðeins þennan rétt hvað varðar SMG Services eins og hann er veittur öllum öðrum notendum með leyfi, í samræmi við (a) 48 C.F.R. §227.7201 til 48 C.F.R. §227.7204, hvað varðar varnarmálaráðuneytið og verktaka þess eða (b) 48 C.F.R. §12.212, hvað varðar alla aðra leyfishafa bandarískra ríkisstofnana og þeirra verktaka.

15. UPPSÖGN

Að eigin vild getur SMG breytt eða hætt SMG Services, eða breytt, stöðvað eða sagt upp reikningi þínum eða aðgangi að SMG Services, með eða án fyrirvara, hvenær sem er án nokkurrar ástæðu, án skaðabótaábyrgðar í þinn garð eða þriðja aðila. Til dæmis gæti reikningi þínum verið sagt upp og aðgangi þínum að SMG Services hafnað, með eða án fyrirvara, ef SMG telur þig vera ólöggráðan aðila. Annað dæmi um þetta er að SMG getur sagt upp reikningi þínum og færni þinni til að nota SMG Services, með eða án fyrirvara, ef SMG hefur ástæðu til að halda að þú hafir veitt rangar, ófullgerðar eða ónákvæmar upplýsingar eða hefur á annan hátt ekki fylgt þessum skilmálum eða viðeigandi viðbótarskilmálum.

Þú samþykkir að skila eða farga afritum af efni af svæðinu sem þú hefur búið til ef við förum fram á slíkt.

Uppsögn takmarkar ekki annan rétt eða úrræði SMG. Þessir skilmálar munu gilda og gilda áfram, þrátt fyrir slíka breytingu, uppsögn, stöðvun og/eða uppsögn.

16. KRÖFUR UM BROT GEGN HÖFUNDARRÉTTI

SMG virðir hugverkarétt annarra. Við bregðumst við meint brot eins og nauðsyn krefur samkvæmt US Digital Millennium Copyright Act („**DMCA**“), þar á meðal, þar sem við á, með því að fjarlægja eða afvirkja aðgang að efni sem krafa hefur verið gerð um brotavirkni.

Ef þú telur að verk þitt hafi verið afritað á þann hátt sem jafngildir broti gegn höfundarétti, eða þú telur að brotið hafi verið á annan máta á hugverkarétti þínum á eða í gegnum SMG Services, skaltu senda kröfu eða tilkynningu um brot til DMCA fulltrúa okkar í pósti:

DMCA Agent
Service Management Group, LLC
1737 McGee Street
Kansas City, MO 64108

Eða með tölvupósti:

privacyofficer@smg.com

Tilkynningin verður að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a. raunverulega eða rafræna undirskrift einstaklings sem hefur heimild til að starfa fyrir hönd eiganda einkaréttar sem er talið er að brotið sé gegn.
- b. tilkynning um höfundarréttarvarið verk þar sem talið er að lög hafi verið brotin eða, ef mörg höfundarréttarvarin verk á einu svæði falla undir sömu tilkynningu, lista yfir slík verð á því svæði;
- c. tilkynning um efni þar sem talið er að lög hafi verið brotin eða hafi sætt brotavirkni og sem á að fjarlægja eða hvers aðgangur hefur verið afvirkjaður og nægilegar upplýsingar sem gera þjónustuveitandanum kleift að finna efnið.
- d. upplýsingar sem eru fullnægjandi svo að þjónustuveitandinn geti haft samband við kæranda, svo sem heimilisfang, símanúmer og, ef það er til staðar, rafrænt póstfang þar sem hægt er að hafa samband við kæranda.
- e. yfirlýsing um að kærandi hafi góða trú á að notkun efnisins í kvörtunarmálinu sé ekki heimiluð af eiganda höfundarréttar, fulltrúa hans eða í lögum og
- f. yfirlýsing um að upplýsingarnar í tilkynningunni séu réttar, refsingin er meinsæri, og að kærandinn hafi heimild til að starfa fyrir hönd eiganda réttar sem talið er að hafi verið brotið gegn.

DMCA-fulltrúi okkar mun aðeins bregðast við tilkynningum og fyrirspurnum sem uppfylla kröfur DMCA. Frekari upplýsingar má finna á www.copyright.gov.

17. UPPLÝSINGAR FYRIR ÍBÚA KALIFORNÍU

Samkvæmt California Civil Code Section 1789.3 þurfum við að veita íbúum Kaliforníu eftirfarandi upplýsingar um rétt neytenda:

- a. SMG Services er í eigu og/eða rekið af Service Management Group, LLC, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108. Símanúmer tengiliðs SMG er 1-800-764-0439;
- b. ef annað er ekki tekið fram er SMG Services veitt endurgjaldslaust
- c. til að leggja fram kvörtun varðandi SMG Services eða til að fá frekari upplýsingar varðandi notkun á SMG Services skal senda bréf til Service Management Group, LLC, Attn: Data Protection Officer, 1737 McGee Street, Kansas City, MO 64108 eða hafa samband við okkur á privacyofficer@smg.com (og setja „California Resident Request“ í efnislínuna). Þú getur einnig haft samband við Complaint Assistance Unit of the Division of Consumer Services hjá Department of Consumer Affairs í Kaliforníu skriflega á 400 R Street, Suite 1080, Sacramento, California 95814 eða símleiðis á 916.445.1254 eða 800.952.5210.

18. ÝMISLEGT

- a. Þessir skilmálar og persónuverndarstefnur á viðeigandi svæðum innihalda allan skilning af og á meðal SMG og þér hvað varðar málefni sem þar er að finna.
- b. Þessir skilmálar eru skrifaðir á ensku. Samningurinn á ensku er ráðandi að öllum hætti. Allar útgáfur af þessum samningi á öðru tungumáli eru aðeins til hægðarauka og ekki bindandi fyrir hvorugan aðilann.
- c. Þessir skilmálar öðlast gildi og eru bindandi fyrir SMG og arftaka þína og framsalshafa.
- d. SMG getur úthlutað þessum skilmálum en þú mátt ekki gera það án fyrirfram skriflegs leyfis SMG.
- e. Ef einhver ákvæði þessa skilmála eru eða verða óframfylgjanleg eða ógild munu eftirstandandi ákvæði vera áfram í gildi eins og slík óframfylgjanleg eða ógild ákvæði hafi ekki verið notuð.
- f. Ef SMG tekst ekki eða þér tekst ekki að sinna skuldbindingum þínum samkvæmt þessum skilmálum og hinn aðilinn beitir ekki slíkum skuldbindingum, mun slíkur misbrestur ekki jafngilda undanþágu frá neinni skuldbindingu og mun ekki hindra framfylgni við annað tækifæri.
- g. Ekkert í þessum skilmálum má túlka sem SMG eða þig sem fulltrúi annarra eða að þú sért aðili í í samrekstri eða samstarfsaðili aðra.
- h. Ef komið er í veg fyrir að SMG eða þú getið ekki uppfyllt þessa skilmála vegna orsaka sem eru utan stjórnar aðila sem grípur til þessa ákvæðis, mun frammistaða þess aðila sem á í hlut verða framlengdur sem nemur þeim tíma tafar eða þeirrar vangetu til að skila afköstum sökum slíks atviks.
- i. Fyrirsagnir og skýringartexta eru aðeins til hægðarauka.

SPURNINGAR?

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi þessa skilmála eða SMG Services skaltu hafa samband við okkur á privacyofficer@smg.com.

Þú getur einnig skrifað okkur á eftirfarandi póstfang:

Service Management Group, LLC
Attn: Data Protection Officer
1737 McGee Street
Kansas City, MO 64108

®/TM vörumerki © Service Management Group, LLC 2017. Allur réttur áskilinn.